



Hvalfjarðarsveit

Innrimel 3
301 Akranesi

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Sími : 433 8500

Fax : 433 8501

Kt. 630606-1950

1202042 SMS

Vinnureglur Skipulags- og byggingarfulltrúa er varðar dagsektir.

Ferill mála hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar til beitningar dagsekta

Dagsektunnar ákvæðum skal breytt þegar önnur úrræði hafa ekki gefist. Dagsektarákvæðum er breytt samkvæmt ákvæðum 210 gr. Byggingarreglugerðar sem er eftirfarandi:

210. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

210.1 Sinni aðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta er kr. 1.000.000, ein milljón, á dag miðað við byggingarvísitölu í janúar 2012. Hámarksfjárhæðin breytist í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu frá janúar næst á undan. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

210.2. Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Upphæðir dagsekta eru 3 flokkar og miðast við byggingavísitölu janúar. 2012 sem er 562,6 stig og uppfærast eftir byggingarvísitölu útgefinni frá Hagstofu Íslands hverju sinni. Fjórði flokkur er opin og ákveðist hverju sinni eftir umfangi efnis af Skipulags- og byggingarnefnd

Eftirfarandi gjaldflokkum er til viðmiðunnar:

- Gjaldflokkur 5.000,-kr./dagurinn:** Gervihnattar diskar, ólöglega staðsettir og án leyfis. Léleg umhirða húss og/eða lóðar. Annað eftir sambærilegu umfangi umbeðið af byggingarfulltrúa.
- Gjaldflokkur 10.000,-kr./dagurinn:** Gámar án leyfis inn á lóðum og annarstaðar. Trillur og bátar óleyfilega staðsettir. Annað eftir sambærilegu umfangi.

3. **Gjaldflokkur 20.000,-kr./dagurinn:** Bygging hafin án leyfis. Ekki byggt eftir samþykktum uppdráttum. Bygging og lóð ekki fullfrágengin. Annað eftir sambærilegu umfangi.
4. **Gjaldflokkur:** Dagsektarupphæð sem Skipulags- og byggingarnefnd ákveður hverju sinni eftir umfangi máls hverju sinni og sem sent er bæjarstjórn til samþykktar.

Ferill dagsektarmála hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er eftirfarandi .

1. Skipulags- og byggingarfulltrúi skrifar bréf og bendir á það sem aflaga hefur farið hjá viðkomandi. Kynnir tillögu til úrbóta og setur inn tímaákvæði, dagsektir og gefur andmælafrest frá birtingu bréfs. Bréf skal sett í birtingarpóst.
2. Birting hefur tekist til viðkomandi og tímafrestir skráðir í skráningarkerfi embættismanns.
3. Andmælafrestur liðinn. Málið sett á dagskrá skipulags- og byggingarnefndar.
4. Skipulags- og byggingarnefnd fer yfir andmæli og samþykkir aðgerðir.
5. Sveitarstjórn samþykkir og staðfestir aðgerðir um tímafrest og dagsektarákvæði.
6. Skipulags- og byggingarfulltrúi tilkynnir þolanda niðurstöðu með birtingarpósti.
7. Birting tekst og tímafrestur skráður frá degi birtingar í vaktkerfi embættisins.
8. Dagsektir byrja að falla. Reikningur gerður á tveggja vikna fresti.
9. Uppboð eða fjárnám.

Ferill vegna beitingar dagsekta á grundvelli ákvæða byggingarreglugerðar nr. 441/1998

1	2	3	4	5	6	7	8	9
Birtingar-frestur	Andmæla-frestur		Skipulags- og byggingarnefnd samþykkja aðgerðir	Sveitarstjórn staðfestir samþ. nefndar	Málið aftur komið til byggingarfulltrúa	Tíma-fresti til framkv. lýkur	Dagsektir telja	Fjárnám/ uppboð
X-dagar	14 dagar frá birtingu	Y-dag	14 dagar	7 dagar	14-dagar	14 dagar	+++	

Samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 20.02.2012 og sveitarstjórn 28.02. 2012.